

STARFSSKÝRSLA ÁGÚSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRAKT RÍKISINS

ÁRÍÐ 1963

Frá áramótum fram til vors starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík að undanteknum 6 vikum er ég var frá vinnu vegna uppskurðar er á mér var gerður á sjúkrahúsi.

17. apríl fór ég á vegum Skógræktar ríkisins til Noregs til þess að læra meðferð og viðhald á Jo-Bu mótorsögum. Ég starfaði við viðgerðir á Jo-Bu sögum í þrjár vikur í verksmiðjunni í Dröbak og kom heim til Íslands aftur þann 11. maí.

17. maí fór ég upp að Hvanneyri í Borgarfirði og fór með nemendum bændaskólans að Stálpastöðum og kenndi þeim gróðursetningaraðferðir með hökum og bjúgskóflum. Einnig

sýndi ég þeim eldri gróðursetningar í Skorradal og ræddi við þá um skógrækt.

Í Skorradal dvaldi ég frá 25. maí til 2. september og stjórnaði framkvæmdum Skógræktarinnar í Skorradal og Botnsdal.

Fyrstu tvær vikurnar í september vann ég við girðingarframkvæmdir uppi í Esju.

14. september til 18. október vann ég að girðingarframkvæmdum í Reykjahjáleigu í Ölfusi.

Eftir 23. október ferðaðist ég um Suðurland, Suðurnes og upp í Borgarfjörð samkvæmt tilmælum skógræktarstjóra og athugaði skemmdir á trjágróðri af völdum vorhretsins síðast liðið vor. Skila ég sér greinagerð fyrir þeim athugunum.

Hér fer á eftir greinagerð yfir helztu framkvæmdir, sem ég hafði umsjón með og aðrar upplýsingar samkvæmt ósk skógræktarstjóra í umburðarbréfi frá 16/4. 1962.

1. Veðurfar og fleira.

Þar, sem ég dvaldi ekki nema tiltölulega skamman tíma í Skorradal er mér vart unnt að gefa glögga lýsingu á veðurfari ársins.

Vetur var óvenju mildur frá áramótum, með löngum hlýindakafli í marz og fram til 9. apríl, en þá snar skipti um veðurfar einsog annarsstaðar á Suðurlandi.

Frá páskum fram til 24. maí var mjög þurrt og kalt.

All votviðrasamt var síðan til maí loka en síðan fór að hlýna.

Á gróðursetningartímanum í júní var veður fremur hagstætt fyrir gróðursetninguna. Nokkuð oft skúraveður og aldrei langvarandi þurrkar.

Frá byrjun júlí fram til 20. var þurrviðrasamt og hlýtt. 8. júlí komst hitinn yfir 20°C stig í forsælu. Upp úr 20. júlí fór að kólna og hiti fór niðurfyrir frostmark aðfaranótt 24. júlí. Eftir það og út sumarið var votviðrasamara og fremur svalt en sjaldan stórrigningar. Þetta tímabil einkenndist af þokulofti og skúraveðri.

23. - 26. ágúst voru næturfrost svo aðeins sá á kartöflugrasi.

Haustið fram til 24. október var umhleypingasamt og stormasamt, en eftir það fram til áramóta var meira um hægveður og minni úrkoma.

Laufgun og lauffall.

Birkiskógurinn norðanmeginn Skorradalsvatns var ekki allaufgaður fyrir en 6. júní og virtist laufgast jafn snemma innantil sem utantil með vatninu. Skógurinn í Vatnshorns- hliðinni var allaufgaður um tveim dögum fyrir og er það óvanalegt. 2. júní var farið að rjúka úr karlreklum á birkinu. Úti í héraðinu mun birkið hafa laufgast nokkuð fyrir en í Skorradalnum. 2. júní sá ég að það var orðið allaufgað í skógartorfunum fyrir neðan Svignaskarð.

Vegan þess að ég fór úr Skorradalnum í byrjun september, er mér ókleift að gefa upplýsingar um hvenær lauffall átti sér stað á þeim slóðum.

Lerkið mun hafa verið töluvert farið að lifna í hlýindakaflanum fyrir páska en eftir það stóð það í stað fram að miðjum júní. Á mörgum lerkiplöntum þornaði barrið alveg upp og visnaði en upp úr miðjum júní fór lerkið að lifna aftur en ekki fór það aðvaxa fyr en eftir 6. júlí.

Þegar ég kom upp í Skorradal 25. maí var enginn klaki í jörð.

Maður og lús voru með allra minnsta móti í birki-skóginum í sumar. Ennfremur furulús. Ég varð ekkert var við grenilús á sitkagreninu í sumar.

2. Starfsmannahald.

Yfir allan starfstímann voru ráðnir tveir verkamenn og ráðskona. Auk þessa störfuðu fimm manns til viðbótar yfir gróðursetningar tímenn um vorið.

Launagreiðslur einstaka mánuði voru sem hér segir:

Maí	kr.	5.870.92
Júní	-	45.469.12
Júlí	-	22.845.09
Ágúst	-	<u>21.745.30</u>
Alls	-	95.930.43

Launagreiðslur vegna einstakra framkvæmda voru sem hér segir:

Girðing Hvammi	kr.	1.787.32
Grisjun Hvammi	-	20.132.46
Gróðursetning Hvammi	-	5.720.09
Viðhald húsa Hvammi	-	3.597.00
Áburður Hvammi	-	1.209.02
Girðing Stálpastöðum	-	502.75
Grisjun Stálpastöðum	-	261.20
Gróðursetning Stálpastöðum	-	40.286.54
Áburður Stálpastöðum	-	3.455.16
Færa plöntur Stálpastöðum	-	15.345.96
Lúpínan fræsöfnun	-	249.30
Tilraunir	-	3.383.63

3. Girðingar.

Engar nýjar girðingar voru gerðar á árinu, en unnið var að viðhaldi á þeim sem fyrir eru. Girðingar komu vel undan vetri svo viðhaldskostnaður var með minna móti. Hlið á Stálpastaðagirðingunni út við Dagverðarnes er orðið mjög lélegt og þarfnast endurnýjunnar.

4. Skógarhögg og grisjun.

Lítið var unnið við grisjun á Stálpastöðum í sumar enda var að mestu lokið við að grisja það síðasta af kjarrinu í fyrra. Litlu var áorkað í grisjun frá barrplöntum nema þar sem borinn var á tilbúinn áburður en þar var klippt frá plöntunum um leið og áburðinum var dreift. Grisjar var frá rauðgreniplöntunum í reit 283 en þar var tekinn reitur 80 x 80 m að stærð til áburðatilrauna.

Í Hvammi var unnið að grisjun. Ekki vannst tími til þess að mæla flatarmál svæðisins, sem grisjað var, en ég býst við að það sé um 8 - 10 ha. Svæðið er upp og inn af jólatrésgróðursetningunni frá í fyrra.

Í Stóra-Botni var lokið við að grisja það sem eftir var innan skógræktargirðingarinnar. Það mun hafa verið rúmmlega einn hektari að flatarmáli.

Grisjað var frá barrplöntum í Háafellsreit.

Gróðursetning 1963

Samtals gróðursettum við í sumar 78.075 plötur
þar af 65.075 á Stálpastöðum. Hér fer á eftir tafla
yfir helzti upplýsingar um gróðursetningarnar:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitnr.	Plantað dag
Stálpastaðir:					
Stafafura	Skagway	2/2	5.524	291	4-6/6.
Stafafura	Skagway	2/2	6.976	2-10-1	6-10/6.
Bergfura	Ulstr.Gard	3/0	475	2-10-2	10/6.
Bergfura	Ulstr.Gard	3/0	7.175	3-11-3	10-12/6.
Bergfura	Ginebra	2/2	1.200	3-11-5	11/6.
Bergfura	Ginebra	2/2	1.587	3-11-4	11-12/6.
Bergfura	Ginebra	2/2	5.798	3-11-6	11-13/6.
Bergfura	Ginebra	2/2	7.865	3-10-3	13-18/6.
Rauðgreni	N-Helgel.	2/3	3.450	3-10-1	18-20/6.
Rauðgreni	N-Helgel.	2/3	3.650	392	20-21/6.
Rauðgreni	N-Helgelan	2/3	11.050	3-11-2	21-25/6.
Rauðgreni	N-Helgel.	2/3	7.015	351	26-28/6.
Stafafura	Skagway	2/2	2.650	3-10-2	19/6.
Stafafura	Skagway	2/2	360	393	20/6.
Marþöll	Cordova	3/5	300	1-11-10	19/6.
Hvammur:					
Rauðgreni	N-Helgel.	2/3	10.000		28/-2/7.
Stóri-Botn:					
Bergfura	Ginebra	2/2	3.000		14/6.

Eldri gróðursetningar:

Rauðgreni leit vel út í sumar og skilaði eðlilegum
ársvexti. Engar skemmdir voru sjáanlegar á því eftir
vorhretið.

Skógarfura og bergfura voru einnig all vel útlítandi,
en þó voru nokkur brögð af skemmdum toppbrumum, sérstaklega
á skógarfuru. Ársvöxtur var heldur með minna móti. Töluverð
afföll voru í bergfurugróðursetningunni frá í fyrra, en þær
plöntur voru lélegar og ljótar þegar þær voru gróðursettar.

Stafafuran óx lítið í sumar en fljótt á lítið virtist hún ekki vera mikið skemmd, en við nánari athugun kom í ljós að mikil brögð voru að skemmdum toppbrumum. Um 60% af stafafurunni mun hafa verið með skemmdum toppbrumum. Að meðaltali voru 33% óskemmdar, 58% lítiðskemmdar, 6% mikið skemmdar og 3% dauðar.

Sitkagrenið á Stálpastöðum fór illa í vorhretinu. Samkvæmt athugunum mínum mun að meðaltali 22% vera óskemmdar, 36% lítið skemmdar, 27% mikið skemmdar og 15% dauðar. Ársvöxtur var yfir leitt engin á þessum plöntum sem sluppu með **lítlar** eða engar skemmdir.

Sitkagrenið í Hvammi var jafnvel ver úti en á Stálpastöðum, en mestu skemmdirnar á því voru í brekkunni upp af sumarbústað Hauks Thors. Í höfðanum þar fyrir ofan sáust töluverðar skemmdir á birkikjarrinu. Að meðaltali var sitkagrenið í Hvammi 13% óskemmt, 28% lítið skemmt, 30% mikið skemmt og 29% dautt.

Brodd og blágreni var mjög illa farið eftir vorhretið. Af því mun á Stálpastöðum vera 7% óskemmt, 21% lítið skemmt, 33% mikið skemmt og 39% dautt.

Lerkið var óvenju **rytjulegt** frameftir sumri, en seinnipart sumars fór það að rétta við. Ársvöxtur var þó samasem enginn á stærri plöntunum en flestar minni uxu nokkuð enda minna um toppkal á þeim. Ég gerði engar tölulegar athuganir á skemmdunum á lerkinu.

Áburður á eldri gróðursetningar:

Keyptir voru 10 þokar af köfnunarefnisáburði, 3 af fosfor og einn af kalí. Þessu ver blandað saman og borið á eldri gróðursetningar á Stálpastöðum og einnig á jólatrjáagróðursetninguna frá því í fyrra í Hvammi. Áburðargjöfin á einstaka reiti er færð inn á spjaldskrá og sé ég ekki ástæðu til að geta hennar nánar hér.

6. Vegagerð

Vegagerð ríkisins hélt áfram þar, sem frá var horfið síðastliðið sumar, með lengingu á upphlöðnum vegi inn Stálpastaðahlíðina. Í sumar var lagður nýr vegur frá Stálpastaða túninu inn að Stóragili. Á þessu svæði lenti töluvert af gróðursetningum í Halldórslundi í vegarstaðinu. Unnum við að því að flytja barrplönturnar úr þessu svæði og gróðursettum þar síðan meðframm veginum fyrir utan Stálpastaði. Alls fluttum við 1975 plöntur með hnaus úr þessu svæði. Sauðatað var borið að öllum plöntunum við endurgróðursetningu og var það mikið verk og seinlegt.

7. Viðhald húsa

Hús í Hvammi eru orðin gömul og þarfnast alltaf nokkurs viðhalds. Í sumar bilaði skolpleiðsla á öðrum

stað en í fyrra og gert var við það strax. Málað var:
forstofugangur, herbergi á hæð og nokkur hluti kjallara.

Gert var við gólfdukk í eldhúsi en hann eyðilagðist er
skolpleiðsla bilaði í fyrra.

Lagaðir voru veggir á gömlu fjósi, sem er í útbyggingu
úr íbúðarhúsi.

Húsin á Stálpastöðum hrörna nú með hverju árinu, en
ekkert hefur verið kostað upp á viðhald á þeim á síðari
árum.

Reykjavík 28. janúar 1964

Hjálfrún Arnason